



Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 23. janúar 2015
R15010191
5700
HBL/újp

Faxaflóahafnir sf.
Gísli Gíslason, hafnarstjóri
Tryggvagötu 17
Pósthólf 382
121 REYKJAVÍK

MÓTTEKIÐ

28. JAN. 2014

Umsjón

Hafnamál við Faxaflóa

Á fundi borgarráðs þann 22. janúar 2015 var lagt fram bréf Faxaflóahafna sf., dags. 9. janúar 2015, sbr. samþykkt stjórnar Faxaflóahafna s.d., um sameiginlega stefnumótun um hafnamál á Faxaflóa.

Borgarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Reykjavíkurborg er jákvæð fyrir því að skilgreind verði framtíðarsýn, verkaskipting og mótuð heildarsýn á hafnamál á suðvesturhorni landsins. Jafnframt er Reykjavíkurborg opin fyrir því að skoða frekari samvinnu eða sameiningar hafna á suðvesturhorninu með þátttöku Faxaflóahafna. Þar er Hafnarfjarðarhöfn fyrsti kostur. Hugmyndir um sameiningu og samstarf þurfa að fela í sér hagræðingu í rekstri og fjárfestingu innviða til framtíðar og stuðla að því að markmiðin með stofnun Faxaflóahafna séu höfð í heiðri.

Helga Björk Laxdal
e.ú.